**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

Skipulagsstofnun
Mótt.: 17 JAN. 2011
Málnr. 2011010096

Reykjavík, 10.9.2010

Tillaga að skilmálum deiliskipulags „Grafarholt svæði 3", var samþykkt í skipulags-og byggingarnefnd 07.03.01.
Höfundar deiliskipulags: Guðmundur Gunnarsson arkitekt faí og Sveinn Ívarsson arkitekt faí.

Þessi tillaga að deiliskipulagsbreytingu nær aðeins til svæðis 3B, lóðar 65-67 við Kristnibraut. Núverandi eigandi alls hússins er Búseti svf sem óskar eftir að fá að fjölga íbúðum hússins um eina, úr 18 íbúðir í 19 íbúðir með því að breyta m.a. fundarsölum og snyrtingu sem tilheyra sameign hússins í íbúð fyrir hreyfihamlaða og er það ástæða tillögunnar. Aukning verður á bílastæðum á lóð í samræmi við núgildandi skipulagsskilmála svæðisins. Er því um að ræða óverulega breytingu deiliskipulags.

**Texti í gildandi skipulagsskilmálum, svæði 3B, sérákvæði, er svohljóðandi:**

**Húsagerðir:**
L- laga fjölbýlishúsin ( 3B og 3C ) eru 3ja hæða út á móti garði. Í hverju fjölbýlishúsi eru 18 íbúðir. Bílgeymslur eru inn undir húsum að hluta til að norðan og austan. Þar sem bílgeymslur koma undir hús skal aðkoma að stigahúsum vera bæði frá garði og bílgeymsluhæð.

**Tillaga að breyttum texta í skipulagsskilmálum, svæði 3B, sérákvæði, er svohljóðandi:**

**Húsagerðir:**
L- laga fjölbýlishúsin ( 3B og 3C ) eru 3ja hæða út á móti garði. Í hverju fjölbýlishúsi eru 18 íbúðir, nema Kristnibraut 65 – 67 þar eru 19 íbúðir.
Bílgeymslur eru inn undir húsum að hluta til að norðan og austan. Þar sem bílgeymslur koma undir hús skal aðkoma að stigahúsum vera bæði frá garði og bílgeymsluhæð.

Að öðru leiti gilda núgildandi skilmálar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/ 1997 var samþykkt í Borgarráði þann 4. nóv. 2010.

og á embafgrf. skipulagsstjóra þann 6. jan. 2011.

Tillagan var auglýst frá 15. nóv. 2010 með athugasemdafresti til 29. des. 2010

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnatíðinda þann ________ 20___.

Ólöf Örvarsdóttir

______________________________

SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111 BRÉFASÍMI 411 3071
NETFANG: SKIPULAG@RVK.IS